

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

3. desember 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú er desember genginn í garð og er skólinn kominn í jólabúning. Nemendur og kennarar skólans eru búnir að skreyta skólann hátt og lágt.

Kaffihús og markaður 3. desember

Jólakaffihús 9. bekkjar verður haldið fimmtudagskvöldið 3. desember í Höfðaborg milli kl.19:30 – 21:30 og verða þar alls kyns kræsingar á boðstólum. Hægt er að leigja borð fyrir söluhorn og basar. Tekið er á móti borðapöntunum fyrir jólamarkaðinn eftir kl.17:00 í síma 696-3869 (Jóhanna) eða í netfangið johanna@gsh.is. Hvert borð kostar 1000 kr.

Lífsháttakönnun

Mánudaginn 7. desember verður lögð fyrir nemendur 8.-10. bekkjar lífsháttakönnun á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar, könnunin tekur 20 – 30 mínútur.

Jólafondur 11. desember

Föstudaginn 11. desember kl.8:40 – 12:00 verður grunn- og leikskólinn með jólafondur í Grunnskólanum á Hofsósi, eru foreldrar hvattir til að fylgja börnunum sínum í jólafondrið.

Jólavakan 16. desember

Jólavaka Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi verður haldin miðvikudaginn 16. desember kl. 20:30 í félagsheimilinu Höfðaborg. Þar geta allir upplifað notalega jólastemningu. Nemendur grunnskólans verða með atriði og einnig fáum við að hlusta á notalega tóna frá Margréti Eir. Ræðumaður kvöldsins verður svo Sr. Halla Rut Stefánsdóttir.

Litlu jólin 18. desember

Föstudaginn 18. desember verða litlu jólin haldin í Grunnskólanum á Hofsósi kl. 10:00 – 12:00. Eru þau með því fyrirkomulagi að nemendur eru u.þ.b. klukkustund með umsjónarkennara sínum í kennslustofunni, að því loknu verður haldið niður í Höfðaborg og dansað í kringum jólatréð og lokum fá allir kakó og skúffuköku í mötuneytinu.

Jólafrí 19. desember

Jólafríið stendur yfr frá 19. desember til 4. janúar og skólastarf hefst að nýju 5. janúar kl. 10:25.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi